

# Erindisbréf Umhverfisnefndar Skútustaðahrepps

## I. Stjórnskipuleg staða og skipan

### 1. gr

Umhverfisnefnd heyrir beint undir sveitarstjórn Skútustaðahrepps. Skipulagsfulltrúi er starfsmaður nefndarinnar.

### 2. gr

Í Umhverfisnefnd eiga sæti fimm aðalmenn og jafnmargir til vara sem sveitarstjórn kýs til fjögurra ára að afloknum kosningum skv ákvæðum sveitarstjórnarlaga. Sveitarstjórn kýs nefndinni formann og varaformann. Nefndin skal á fyrsta fundi kjósa sér ritara.

### 3. gr

Auk kjörinna nefndarmanna eiga sveitarstjóri og skipulagsfulltrúi rétt til setu á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Þá er heimilt að kalla til á fundi nefndarinnar sérhvern þann er tengist málum sem fjallað er um hverju sinni.

## II. Hlutverk og verk svið.

### 4. gr

Meginhlutverk nefndarinnar er að fjalla um umhverfismál í Mývatnssveit með það að markmiði að sveitarfélagið verði til fyrirmyndar á landsvísu í hverju því atriði sem málaflokkinn snertir. Í störfum skal nefndin hafa gott samráð við aðrar fagnefndir sveitarfélagsins eftir því sem við á.

Meðal verkefna nefndarinnar eru:

- Að móta stefnu í umhverfismálum sveitarfélagsins.
- Að vera sveitarstjórn til ráðgjafar varðandi fráveitu og sorpmál.
- Að vinna með íbúum og fyrirtækjum að jákvæðri vitundarvakningu um gildi umhverfismála og grænna lausna í starfsemi fyrirtækja og heimila.
- Að móta stefnu um sorphirðu og fráveitumál og hvetja á markvissan hátt til góðrar umgengni og fegrunar í sveitarfélaginu.

- Að vera sveitarstjórn til ráðgjafar og umsagnar um mál er snerta lög um verndun Laxár og Mývatns nr 97/2004 og laga um Vatnajökulsþjóðgarð nr 60/2007 og eftir atvikum önnur lög og reglugerðir sem undir starfssvið nefndarinnar heyra.

## 5. gr

Auk verkefna sem nefndin hefur með höndum skv. lögum og erindisbréfi skal nefndin vinna að hverjum þeim málum er sveitarstjórn felur henni.

## Gildistaka

### 6. gr.

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum **sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011** um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum og samþykkt um stjórn Skútustaðahrepps.

Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt í sveitarstjórn og tekur gildi 25. september 2014

Mývatnssveit, 13. október 2014



Jón Óskar Pétursson, sveitarstjóri.